

Fundargerð 64. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Rafrænt á teams

Tími: 19. Janúar 2022 14:30-15:10

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST)

Forföll: Baldur Dýrfjörð (BD), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS).

Dagskrá:

1. Fundargerð 63. stjórnarfundar
2. Umræður um næsta fræðslufund
3. Önnur mál

1. Fundargerð 63. stjórnarfundar

Samþykkt.

2. Umræður um næsta fræðslufund „Skólpínál á Íslandi – staða og framtíð“

Rætt um að halda betur fókus og skipta í tvær málstofur: Stöðufund (umræðuefni 1-3; Mynd 1) og hins vegar framtíðarsýn (nr. 4-6). Stefnt er að fjórum erindum: Inngangserindi (Vafri), Umhverfisstofnun Íslands, Umhverfisstofnun Noregs, yfirlit yfir fráveituverkefni í innviðaskýrslu Samtaka lðnaðarins (Efla). HOA ræddi við Bing Wu, sérfræðing HÍ í skólpheinsun, varðandi tæknilegar lausnir. Mat var að lífhreinsum með áföstum örverugróðri henti betur í köldu loftslagi en hefðbundin activated sludge (AS) aðferð þar sem örverur eru í upplausn. Þá er hefðbundin AS aðferð orkufrek, krefst sérfræðipækkingar, og verið sé að uppfæra margar slíkar stöðvar. Síun eftir forhreinsum kemur til greina, og líka votlendi sem er ódýr og henti vel þar sem nóg pláss er fyrir hendi.

Stefnt að fyrri fræðslufundar 24. Febrúar 2022. Miðað við 1.5 tíma. Seinni fundur 2 vikum síðar. Stefnt að setja upp viðburð á fésbókinni í næstu viku. Drög að auglýsingu sem viðauka að neðan



Mynd 1: Hugarkort fyrir fræðslufund um skólpheinsun

3. Önnur mál

Rætt var um að skýrslur um skólphreinsun á vegum OR væru aðgengilegar á vefsíðu félagsins undir útgefnu efni.

Fundi var slitið kl. 15:24. Fundaritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is

Viðauki: Drög að viðburði á fésbók

Vatns- og fráveitufélag Íslands boðar til tveggja fundar raðar um skólphreinsun á Íslandi.

- (1) Staðan í dag. Hversu langt er í að við uppfyllum kröfur um skólphreinsun í okkar regluverki? Hvernig er eftirlit og eftirfylgni háttað?
- (2) Hvað getum við gert? Hverjar eru áskoranirnar, reynslan og hvaða tæknilegar lausnir gætu hentað best?

Takið daginn frá! Nánari dagskrá verður birt síðar.